

málskostnaður falli niður, að því er alla aðilja málsins varðar.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Sjómannafélagi Reykjavíkur f. h. Jóns Kristóferssonar, kr. 6,52 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 24. maí 1954.

Nr. 43/1954. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius)

gegn

Roger Coulier (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimanna-skólans markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins við dufl það, er sett var út við stefni togara ákærða 12. marz þ. á., og reyndist staðurinn vera um 2.2 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu hefur ekki breytt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.200,00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Roger Coulier, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1.200,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 14. marz 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Roger Coulier, skipstjóra á belgíska togaranum Nadine Liliane Josette, O. 331, til heimilis í Ostende í Belgíu, með ákæru-skjali, út gefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum, fyrir meint fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, með því að hann hafi verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara að kvöldi dags hinn 12. þ. m. austur af Ingólfshöfða um 2.0 sjómíllur innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. nefndrar reglugerðar, nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Af hálfu ákæruvaldsins eru gerðar þær kröfur, að hinn ákærði verði dæmdur til þess að sæta refsingu samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951, og enn fremur til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara samkvæmt heimildum sömu lagagreina. Enn fremur er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Roger Coulier, er fæddur 3/6 1923 í Ostende í Belgíu og hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt brot hér á landi.

Málsatvik eru þau, er nú skal greina:

Föstudaginn 12. marz 1954 var varðskipið Ægir á vesturleið við fiskveiðatakmarkalínuna 174° réttvísandi frá Tvískerjum, og sást þá skip grunsamlega nærri landi stb. megin, og var haldið í átt til þess á fullri ferð.

Kl. 19.52 var lýst á skipið með kastljósi, og sást þá, að skipið var að toga með stjórnborðsvörpu í sjó. Var þá skotið lausu skoti. Kl. 19.54 stanzar togarinn, og var varðskipið þá komið að honum. Var sett út dufl við stefni togarans, sem reyndist vera Nadine Liliane Josette, O. 331, en skipstjóri á honum er ákærði í máli þessu.

Ákærði var nú fluttur um borð í varðskipið og honum bent á, að hann væri að veiðum innan fiskveiðatakmarkanna. Bar hann þá á móti því. Skyggni var slæmt, og óskaði ákærði, að beðið væri birtingar, með því að ekki var hægt að sjá til lands nema með ratsjá.

Um morguninn eftir, 13. marz, kl. 06.40, var birt upp, og gerðu þá skipherra varðskipsins og stýrimaður þess eftirfarandi staðar-ákvörðun við duflid:

S.endi Ingólfshöfða

> 50° 38'

Hofsfall

> 78° 30'

Fellsfall

og var hornamæling þessi gerð samtímis með tveim sextöntum. Dýpið var 80 m, og reyndist staður þessi vera um 2.0 sjómílur innan fiskveiðatakmarkanna. Ákærði var nú sóttur um borð í togarann, og viðurkenndi hann, að staðurinn væri innan fiskveiðatakmarkanna, en kvaðst aldrei hafa séð land um daginn og ekkert haft að átta sig á nema dýpið. Var því næst settur vörður um borð í togarann og haldið til Vestmannaeyja. Um kvöldið var veður SA 3, sjór SA 3, súld, en um morguninn S 2—3, sjór S 4, skýjað.

Skipherra og I. stýrimaður varðskipsins hafa staðfest skýrslur sínar fyrir dómi.

Ákærði hafði ekkert að athuga við skýrslu skipherrans og viðurkenndi, að hann hefði verið að fiska á þeim stað, sem varðskipið kom að honum um kvöldið. Kveðst hann hafa séð, strax og birti um morguninn, að staðurinn var innan fiskveiðatakmarkanna. Lagði ákærði áherzlu á, að hann hefði ekki séð til lands daginn áður, og kvaðst mundu hafa flutt sig utar, ef hann hefði vitað, hve nærri landi hann var.

Með eigin játningu ákærða og skýrslum skipherra og I. stýrimanns á varðskipinu Ægi verður að telja sannað, að ákærði hafi að kvöldi dags 12. þ. m. verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu, Nadine Liliane Josette, O. 331, um 2.0 sjómílur innan fiskveiðatakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 21/1952, og hefur hann með þessu framferði sínu gerzt brotlegur gegn 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, og ber því að refsa honum samkv. 5. gr. fyrrgreindrar reglugerðar, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt haffærisskírteini skipsins, sem sýnt var í dómnum, er brúttórúmllestærð þess 141,39, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands í dag er gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlacrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Nadine Liliane Josette skal upptækt gert og andvirði þess renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni skipstjóra og Þorsteini Jónssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Ákærði, Roger Coulier, greiði 10.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Nadine Liliane Josette, O. 331, skal upptækt gert, og renni andvirði þess í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. maí 1954.

Nr. 77/1953. **Jóhann Guðmundsson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Bárði Magnússyni (Gústaf A. Sveinsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ábúð jarða. Um skyldu til brottvikningar af jörð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1953. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en *til vara*, að hann verði sýknadur, ef hann vinnur eið að því, að hann hafi fengið loforð fyrir ábúð allrar jarðarinnar Steina II og III í Austur-Eyja-fjallahreppi fyrir árslok 1933. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.